

**Nd.**

**845. Breytingartillögur**

[177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Svövu Jakobsdóttur og Gylfa P. Gíslasyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Aðstoð í formi námslána og styrkja samkv. lögum þessum skal við það miðuð, að hún nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða, er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanna. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett með reglugerð.

2. Við 6. gr. 3. mgr. fellur niður.

3. Við 7. gr. 1. málslíður 3. mgr. orðist svo:

Veitt lán falla öll í gjalddaga ári eftir „námslok“, sbr. 3. mgr. 16. gr.